

Lög Höfðavina

1.gr.

Félagið heitir „Höfðavinir“

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Sólmundarhöfða, 300 Akranesi

3. gr.

Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, heimilsfólksins á Höfða. Efla samvinnu og samheldni aðstandenda og starfsfólks m.a. með kynningum, fræðslu og gagnkvæmu upplýsingaflæði. Að auka skilning stjórnar heilbrigðismála og almennings á þeim vandamálum sem aldraðir og aðstandendur þeirra eiga við að etja. Félagið mun leggja áherslu á að vinna í samvinnu við stjórn, starfsfólk og íbúa heimilisins.

4.gr.

Félagið er opið öllum aðstandendum og velunnurum Höfða.

5.gr.

Félagsgjöld eru engin en stjórn þess er heimilt að taka við gjöfum og skapa tekjur, félaginu til eflingar.

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn á aðalfundi. Stjórnin skipti með sér verkum.

Firmað rita allir stjórnarmeðlimir sameiginlega.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í síðasta lagi fyrir lok apríl ár hvert.

8. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins starfsárs.

9. gr.

Breytingar á lögum /samþykktum félagsins er aðeins heimiluð á aðalfundi.

11. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir ef einhverjar eru til Höfða, Hjúkrunar- og Dvalarheimilis.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gild strax

Akranesi 1. desember 2011.